

**2008 nr. 125 7. október****Lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.**

Tóku gildi 7. október 2008. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 91/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 133. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.****■ 1. gr.**

□ Við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er [ráðherra]<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reida fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálfyrirtæki eða yfirtaka fjármálfyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta.

□ Með sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr., er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálfyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálfyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

□ Ákvæði laga um fjármálfyrirtæki gilda ekki hvað varðar heimild ríkisins til að eignast virkan eignarhlut í fjármálfyrirtæki samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um verðbrefaviðskipti um yfirtökuskyldu og lýsingar gilda ekki um öflun og meðferð eignarhlutar ríkissjóðs í fjármálfyrirtækjum samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum gilda ekki um yfirtöku fjármálfyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Við stofnun hlutafélags í því skyni að taka við rekstri fjármálfyrirtækis að hluta til eða í heild sinni

skal það félag undanþegið ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa skv. 2. mgr. 3. gr. svo og ákvæðum 6.–8. gr. laganna um sérfræðiskýrslu. Fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt þessari grein hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálfyrirtæki.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 498. gr.

**■ 2. gr.**

□ Við þær sérstöku aðstæður sem greinir í 1. gr. er [ráðherra]<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja sparissjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Ríkissjóður fær stofnfjárbréf eða hlutabréf í sparissjóðnum sem endurgjald í samræmi við eiginfjárframlag sem lagt er til. Fjárhæð útgefinna stofnfjárhluta til ríkissjóðs skal að nafnverði nema sömu upphæð og það fjárframlag sem innt er af hendi og skal það stofnfé njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði. [Seðlabanka Íslands]<sup>2)</sup> er heimilt að setja sérstakar reglur um viðskipti með stofnbref í slíkum tilvikum. Þegar um er að ræða sparissjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga um fjármálfyrirtæki skal hið nýja hlutafé nema sama hlutfalli gagnvart öðru útgefnu hlutafé og fjárframlagið er í hlutfalli við bókfært eigið fé félagsins. Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparissjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á. Ef stjórn sparissjóðs samþykkir er heimilt að víkja frá ákvæðum 66. gr. laga um fjármálfyrirtæki um boðun fundar stofnfjáreigenda og forgangsrétt þeirra til aukningar stofnfjár eða hlutafjár.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 498. gr. <sup>2)</sup> L. 91/2019, 86. gr.

**■ 3.–13. gr. . . .****VI. kafli. Gildistaka.****■ 14. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

**■ Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2010.